

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (ættleiðendur).

Flm.: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Halla Signý Kristjánsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Helga Vala Helgadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Öðru hjóna eða einstaklingi í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn, enda hafi það í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi barnsins þegar það var á barnsaldri, nema alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu. Sama gildir hafi einstaklingur verið í hjúskap eða óvígðri sambúð með foreldri barns en hjúskap eða óvígðri sambúð hefur lokið með skilnaði, sambúðarslitum eða andláti.

2. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú ættleiðir einstaklingur barn fyrrverandi maka eða sambúðarmaka eða barn látins maka eða sambúðarmaka og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þessara tveggja einstaklinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 151. löggjafarþingi (692. mál) og er nú endurflutt með breytingum í samræmi við athugasemdir sem bárust með frumvarpinu á 151. löggjafarþingi. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. og 25. gr. laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum. Í breytingunni felst að einstaklingur sem hefur verið í sambúð eða hjúskap við annað foreldrið en síðar slitið samvistum við það, geti óskað eftir að ættleiða barnið án þess að lagatengsl rofni við hitt foreldrið. Einnig er lögð til heimild til að ættleiða barn eða kjörbarn einstaklings sem hefur fallið frá. Hér er um að ræða að sá sem ættleiðir kemur í stað annars foreldris, þ.e. að barn hafi eftir ættleiðingu lagatengsl við tvo aðila.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að umsækjandi sem alið hefur upp barn geti fengið ættleiðingarleyfi þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldrið. Eins og staðan er nú getur einstaklingur sem alið hefur upp barn í fjölda ára ekki sótt um að ættleiða það barn ef viðkomandi hefur slitið sambúð eða hjónabandi við hitt foreldrið. Mögulega eiga þessir einstaklingar önnur börn saman og sá sem óskar eftir ættleiðingunni vill tryggja að barn sem hefur alist upp hjá viðkomandi hafi sömu réttindi og önnur börn hans. Samkvæmt núgildandi lögum getur einstaklingur sem óskar eftir að ættleiða barn sem alist hefur upp hjá umsækjanda sótt um ættleiðingu sem einstaklingur, sbr. 4. mgr. 2. gr., en það hefur þau réttaráhrif að lagatengsl barns við báða blóðforeldra rofnar.